



Náttúruverndarstofnun

Austurvegi 4

860 Hvolsvöllur

Iceland

Garðabær, 27.6.2025

Málsnúmer: 202506-0001

SS

Efni: Stækkun og endurskoðun friðlýsingar friðlands Gróttu.

Vísað er í tölvubréf frá Náttúruverndarstofnun, dags. 22 maí 2025, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um framlagða tillögu að stækkun og endurskoðun friðlýsingar friðlandsins Gróttu á Seltjarnarnesi.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér tillöguna og vill koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri:

Því er fagnað að stefnt sé að stækkun friðlandsins. Um töluverða stækkun er að ræða þar sem friðlandið sem í dag nær yfir Gróttu og nálæg hafsvæði mun einnig ná yfir víkina Seltjörn að Suðurnesi. Eins og fram kemur í uppfærðum friðlýsingarskilmálum er í Seltjörn bæði aflíðandi sandfjara og grunnsævi og er mikilvæg fæðustöð fugla. Þar er einnig að finna fjörumó sem er fágæt vistgerð og sandmaðksleirur sem eru auðugar af dýralífi og mikilvæg fæðusvæði fugla.

Náttúrufræðistofnun lagði til árið 2018 að svæðið Álfanes-Skerjafjörður færi á framkvæmdaáætlun náttúruminjasrár. Hluti af þeirri tillögu eru fjöru- og grunnsævisvæði kringum Seltjarnarnes. Sú tillaga nær yfir Seltjörnina en einnig yfir töluvert stærra svæði en sú stækkun sem hér er lögð til m.a. alla fjöruna kringum Suðurnesið og fjörusvæði Bakkavíkur sunnanmegin á nesinu. Náttúrufræðistofnun telur að friðlýsingin ætti að ná einnig yfir þessi fjörusvæði sem eru ekki síður mikilvæg vegna verðmætra fjöruvistgerða og sem fæðusvæði fugla og hvetur til þess að það sé skoðað.

Með tillögunni eru tilgreindir mun ítarlegri friðlýsingarskilmálar um friðlandið en verið hafa hingað til m.a. nánari lýsing á svæðinu, skýrari markmið og betri tengsl við alþjóðlegar skuldbindingar og ekki síst mun fleiri og nákvæmari reglur sem stefnt er að því að gildi um svæðið.

Meðal skilgreindra markmiða er að vernda kríuvarp í Gróttu. Undanfarin ár hefur kríuvarp í Snoppu og Suðurnesi verið umtalsvert meira en í Gróttu, en friðlýsingin nær ekki yfir þessi kríuvörp. Í tilfelli Suðurness er það skiljanlegt þar sem um er að ræða varp innan golfvallarins en vel ætti að vera mögulegt að víkka mörk friðlýsingarinnar frá Gróttu til austurs til að ná yfir kríuvarpið í Snoppu.

Ekkert er fjallað um í friðlýsingarskilmálum hvort eggjataka sé heimil eða ekki. Samkvæmt lögum nr. 54/1990 er almennt heimilt að taka egg kríu en innan friðlands þar sem sérstaklega er stefnt að verndun kríuvarps ætti að setja ákvæði sem banna eggjatöku.

Meðal breytinga frá nágildandi reglum er að ekki verður lengur bannað að vera með hunda í friðlandinu heldur skulu þeir nú vera í taumi og undir tryggri stjórn, og skal gæta þess að gæludýr valdi ekki truflun á lífríki svæðisins. Í ljósi mikilvægis svæðisins fyrir fuglalíf ætti mögulega að banna alveg hunda á varptíma innan friðlandsins.



Jákvætt er að flug ómannaðra loftfara sé óheimilt nema með sérstöku leyfi enda fuglalíf á svæðinu ríkulegt árið um kring og drónaflug ekki viðeigandi á svæðinu.

Í sérstökum reglum um Gróttu er öll umferð í eyjuna áfram óheimil á varptíma en jákvætt er að það tímabil hafi verið framlengt til 31. júlí til að ná betur yfir ungatímabil t.d. hjá kríu.

Í sérstökum reglum um Seltjörn er umferð vatnatakja óheimil á tímabilinu 1. maí til 31. júlí. Þar sem æðarfuglar eru með unga fram í ágúst leggur Náttúrufræðistofnun til að bannið gildi til 15. ágúst.

Í friðlýsingarskilmálum kemur fram að Náttúrufræðistofnun beri ábyrgð á vöktun í friðlandinu og vísað í fyrstu málsgrein 74. greinar náttúruverndarlaga. Það er ekki alveg rétt túlkun á lagaákvæðinu að mati stofnunarinnar sem segir að Náttúrufræðistofnun beri ábyrgð á vöktun lykilþátta íslenskrar náttúru en ekki almennt á vöktun friðlýstra svæða. Orðalagið í friðlýsingarskilmálum ætti að endurspegla betur ákvæði laganna. Hvort þörf sé á vöktun á friðlýstum svæðum þarf að vega og meta hverju sinni og því ætti frekar að vísa í útfærslu á vöktunaráætlun í stjórnunar- og verndaráætlun og að það sé hlutverk Náttúrufræðistofnunar í samráði við Náttúruverndarstofnun eins og segir í skilmálunum. Í tilfelli Gróttu er sannarlega þörf á vöktun, sem reyndar í dag fer fram á vegum sveitarfélags að mestu, og það þarf að móta betri vöktunaráætlun fyrir svæðið. En betra að friðlýsingarskilmálarnir endurspegli alveg orðalag laganna um þetta atriði.

Almenn ákvæði um verndun búsvæða fugla, náttúrulegs gróðurfars og vistgerða eru góð viðbót en einnig mætti nefna sérstaklega búsvæði dýra í fjörum og grunnsævi.

Mikilvæg ákvæði eru sem fjalla um framandi lífverur og að vinna skuli að því að fjarlægja þær tegundir, bæði plöntur og dýr. Tryggja þarf að skógarkerfill nái ekki að festa sig í sessi í Gróttu. Þá hefur minkur verið umtalsvert vandamál fyrir fuglalíf svæðisins undanfarin ár og m.a. valdið búsjfjum í kríuvarpi Gróttu. Mikilvægt er að umsjónaraðilar friðlandsins verndi varplönd þess fyrir ágangi minks.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir.

Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson

Sviðsstjóri náttúruverndar